

Heyrir þú í

Leiðbeiningar fyrir foreldra
heyrnarskertra barna.



...vinum þínum?



Efnisyfirlit

1. Formáli	4
2. Heyrn er undanfari tals	6
3. Allir vegir eru færir	8
4. Tvö eyru eru betri en eitt	10
5. Lítil eyru gera sérstakar kröfur	12
6. Styddu barnið þitt.....	14
7. Daglegt líf og heyrnartækið	16
8. Hvað er að?	20
9. Ábendingar og ráð	22





1. Formáli



Ágætu foreldrar

Þegar grunsemdir vakna um að barnið sé ekki eðlilega heyrandi vakna ótal spurningar, til dæmis: Hvað gerum við núna? Hvert eigum við að snúa okkur? Er þetta tímabundin eða viðvarandi heyrnarskerðing? Þarf barnið mitt að fá heyrnartæki? Hvernig þroskast barnið? Hvaða vandamál munu mæta barninu og hvernig getum við sem foreldrar brugðist við á sem bestan máta?

Heyrnarskert barn er fyrst og fremst barn. Það skiptir miklu máli að barnið fái viðeigandi meðferð sem fyrst. Þannig geta heyrnartæki verið mikill stuðningur bæði fyrir barnið og fjölskyldu þess. Á margan hátt getur barn með skerta heyrn lífað eðlilegu lífi og tekið þátt í flestum athöfnum daglegs lífs. Hjá börnum sem heyra mjög illa hefur heyrnarskerðingin mest áhrif á skólagöngu þeirra. Barn og foreldrar geta haft gagn af því að nýta sér sjónræna tjáningu til samskipta eins og tákni með tali eða táknmál.

Fyrst eftir að barn hefur greinst heyrnarskert er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar og stuðning. Í þessum bæklingi verður leitast við að lúsa mikilvægum þáttum til þess að takast á við daglegt líf. Til að barnið eigi sem besta möguleika í framtíðinni er mikilvægt að þið fáið þá aðstoð sem þið þurfið sem fyrst. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands aðstoðar foreldra og börn við val á heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum og veitir foreldrum ráðgjöf. Þá geta frjáls félagasamtök eins og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna, Heyrnarhjálp og Félag heyrnarlausra oft veitt aðstoð og stuðning. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra þpður kennslu í táknmáli og þmsa ráðgjöf.

Til að styðja ykkur fyrstu skrefin hefur þessi bæklingur verið settur saman. Bæklingnum er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir ykkur í daglegu lífi og þangað getið þið sótt hugmyndir og fengið leiðbeiningar og svör við þeim spurningum sem vakna.

Með kveðju
Rexton Höreapparater A/S



Þú ert ekki einn!

Eitt til tvö af hverjum þúsund fæddum börnum eru heyrnarskert eða heyrnarlaus. Fyrstu árin fram að skólagöngu og þar eftir hækkar hlutfall heyrnarkertra barna vegna sjúkdóma, slysa og hávaða. Á Íslandi eru um 130 heyrnarskert börn sem nota heyrnartæki.

2. Maður heyrir áður en maður lærir að tala!



Ef heyrnarskerðing barns greinist seint getur það leitt til þroskafrávika. Einstaklingar með eðlilega heyrn eiga oft erfitt með að skilja hvað það þýðir að hafa skerta heyrn. Ef heyrnarskerðing barns uppgötvast seint getur það haft áhrif á málþroska. Hjá sumum börnum er aðallega um að ræða framburðarerfiðleika, en hjá mikið heyrnarskertum börnum lpsir það sér þannig að talmálinu seinkar.

Aðvörunarmerki

Þar sem hjá um 80% forskólabarna verður vart við miðeyrnvandamál einu sinni eða oftar á lífsleiðinni verða margir foreldrar varir við að það getur leitt til tímabundinnar heyrnarskerðingar. Það er því mikilvægt að heyrnin sé mæld ef grunur vaknar um að barnið bregðist ekki við hljóðum í umhverfinu.

Heyrnarskert börn hjala eins og öll önnur börn þar til þau eru um hálfis árs gömul. Eftir það dregur úr hjalinu þar til það hverfur alveg ef um er að ræða mikla heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Heyrnarskert barn bregst ekki við umhverfishljóðum.

Mikið heyrnarskert barn heyrir hvorki rödd foreldranna né sína eigin. Barnið leikur sér því ekki með röddina á sama hátt og heyrandi börn gera. Vegna heyrnarskerðingarinnar á barnið erfiðara með að þjálfá hjal og talmál. Samskipti barns og fullorðinna byggjast því mikið á sjónrænum þáttum og snertingu. Ef barn greinist seint getur það leitt til samskiptavandamála og togstreitu bæði hjá barninu sjálfu og foreldrum þess.

Mismunandi mælingaraðferðir gera það að verkum að hægt er að heyrnarmæla jafnvel nýfædd börn. Í nokkrum löndum er farið að skima fyrir heyrn hjá nýfæddum börnum. Það hefur leitt til fjölgunar barna sem fá heyrnartæki áður en þau ná hálfis árs aldri. Það er mikilvægt að barnið fái heyrnartæki eins fljótt og hægt er svo mögulegt sé að byrja snemma.

Heyrn og tal

Þróun heyrnarinnar tengist þróun heilans. Þegar boð frá eyrunum berast ekki til heilans fær barnið ekki þá málörvun sem það þarf. Þó að eyrað sé fullþroskað við fæðingu eru taugabrautir innan heilans ekki fullmótaðar. Það sama á við um þau svæði heilans sem sjá um málskilning og þróun talmáls. Heyrnin þróast þegar í móðurkviði og hljóðupplifun barnsins heldur áfram eftir fæðingu. Því fyrr sem byrjað er að meðhöndla barnið vegna heyrnarskerðingarinnar því meiri eru möguleikarnir á að málþroski barnsins verði aldurssvarandi.

Barnið þitt á góða möguleika

Öll börn þarfnast nálægðar við foreldra og aðra nákomna. Því öruggara sem barnið er því meiri þroska nær það. Því fyrr sem heyrnarskert barn fær heyrnartæki því fyrr fer barnið að taka við hljóðum þrátt fyrir heyrnartapið. Það er mikilvægt að börn og fullorðnir í umhverfi þess heyrnarskerta geri sér grein fyrir heyrnarskerðingunni svo að hægt sé að taka tillit til hennar.

Á Heyrnar- og talmeinstöðinni starfar sérhæft starfsfólk sem getur leiðbeint foreldrum. Ef barnið segir aðeins örfá orð um 2ja ára aldur og skilur aðeins einföldustu fyrir-mæli er rétt að láta mæla heyrn barnsins og ræða við talmeinafræðing.



Mamma, Pabbi
..... sjáið mig!

3. Allar leiðir eru færar



Mörg börn ganga í gegnum stutt tímabil þar sem heyrnin er skert. Hjá flestum börnum er um miðeyrnvandamál að ræða, sem oft er leyst með því að setja rör í eyrun. Það er mikilvægt að þið sem foreldrar vitið fyrir víst hvort barnið ykkar er með miðeyrnvandamál (leiðniheyrnartap) eða innraeyrnvandamál (taugaleiðniheyrnartap). Kannski getur sérhæfður háls- nef- og eyrnalæknir í heyrnarfræðum hjálpað ykkur að nálgast greininguna en mörg börn fá þó greiningu um heyrnarskerðingu af óþekktri orsök. Það mikilvægasta er þegar gert. Þið hafið fengið staðfestingu á að barnið ykkar er heyrnarskert og þið fáið nauðsynlega hjálp hjá sérhæfðu starfsfólki. Það er góð byrjun.

Hver dagur
er ævintýri!



Lífsgæði

Ef grunsemdir vakna um að eitthvað sé að heyrn barns skal vísa því til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands sem sinnir heyrnarskertum börnum alls staðar að af landinu. Hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni starfa sérhæfðir læknar í heyrnarfræðum ásamt heyrnarfræðingum og öðru sérhæfðu starfsfólki sem annast heyrnar-mælingar og ráðgjöf um heyrnartæki, önnur hjálpartæki og notkun þeirra. Einnig er veitt ráðgjöf um hvað ber að hafa í huga varðandi umgengni og umhverfi heyrnarskerts barns.

Öll erum við einstök

Þroski barna er misjafn og skiptir þá ekki máli hvort þau eru heyrnarskert eða ekki. Sé barn heyrnarskert skiptir miklu máli að foreldrar læri rétt samskipti við barnið. Flest heyrnarskert börn þurfa á stuðningi að halda, ekki bara frá foreldrum heldur einnig frá leikskólanum, skólanum og fleirum. Því fyrr sem barn fær heyrnartæki því meiri líkur eru á að það fylgi jafnöldrum sínum í málþroska. Barn sem fær heyrnartæki ungt er líklegra til að taka tækjunum sem sjálfsgöðum hluta daglegs lífs.



Okkur er tamt að bera þroska barna saman við þroska systkina eða annarra barna. Börn sem eru heyrnarskert þroskast eins og öll önnur börn í samræmi við umhverfi sitt en þar sem barnið heyrir illa getur það þurft á meiri stuðningi frá þér að halda við að upplifa umheiminn.

Flestir foreldrar sem eignast heyrnarskert barn ganga í gegnum einhvers konar sorgarferli þar sem fæstir reikna með því að eignast heyrnarskert barn. Það er því mjög eðlilegt að foreldrar verði sorgmæddir eða jafnvel fyllist reiði yfir örlögum barnsins. Þetta eru eðlileg viðbrögð. Fagaðilar geta oft veitt mikilvægan stuðning en margir foreldrar hafa einnig þörf fyrir að hitta aðra foreldra sem hafa staðið í sömu sporum.

4. Tvö eyru eru betri en eitt



Oftast er hægt að meðhöndla heyrnarskerðingu barnsins með heyrnartækjum. Mikil þróun hefur átt sér stað hjá framleiðendum heyrnartækja og eru nú flest heyrnartæki stafræn.

Markmiðið er:

Að heyra vel með báðum eyrum

Yfirleitt eru notuð heyrnartæki á bæði eyru. Þannig fæst besta hljóðupplifun. Það er ástæða fyrir því að frá náttúrunnar hendi erum við með tvö eyru. Þannig er tryggð öruggari greining á tali og hvaðan hljóðið kemur. Ef við heyrum ekki eins beggja vegna þarf að stilla tækin eftir heyrn hvors eyra.

Það að heyra lítið eða alls ekki er ekki eina tegund heyrnarskerðingar, heldur er einstaklingsbundið hvað og hversu mikið maður heyrir. Val á gerð heyrnartækis fer því eftir tegund heyrnarskerðingarinnar.

þegar ég verð stor,
ætla ég að verða

Hvernig heyrnartæki eru til?

Heyrnartækjum er skipt upp í eftirfarandi flokka:

• Inn-í-eyrað-tæki

er bara eitt stykki og er inni í hlustinni. Þar sem börn eru að vaxa fyrstu árin er afar sjaldgjæft að þau noti inn-í-eyrað-tæki þar sem stöðugt þyrfti að skipa um tæki og laga að stærð eyrans.



• Bak-við-eyrað-tæki

líkist hálfmána að lögun og liggur aftan við eyrað. Bak-við-eyrað-tæki er með einum eða fleiri hljóðnemum sem nema hljóð, ásamt magnara og hátalara. Slanga sem er tengd við heyrnartækið flytur síðan hljóðið frá tækinu og inn í hlustarstykki sem er nákvæmt mót af hluta ytra eyrans og fremsta hluta hlustarinnar.



Nþjasta tækni fyrir lítil eyru

Einstaklingar sem hafa skerta heyrn eiga oft erfitt með að heyra það sem sagt er ef bakgrunnshávaði er mikill, eins og til dæmis í bílum. Eitt stærsta vandamálið við hefðbundin heyrnartæki var hversu lítinn mun tækin gerðu á hjóðum sem þurfti að heyra og bakgrunnshávaða sem þurfti að draga úr. Nþjustu stafrænu tækin (sem hægt er að fá bæði sem bak-við-eyrað-tæki og inn-í-eyrað-tæki) eru með stafrænum flögum sem greina á milli talaðs máls og hávaða. Styrkinn er hægt að stilla nákvæmlega eftir þörfum hvers og eins.



© I.Schmitt-Menzel/Friedrich Streich/
WWF Lizenzhaus Köln GmbH,
Die Sendung mit der Maus

© WDR, Lizenz: BAVARIA SONOR,
Bavariafilmplatz 8, 82031 Geiselgasteig

5. Sérparfir lítilla eyrna



Nær helmingur barna sem fær heyrnartæki er með mikið skerta heyrn. Tæki fyrir börn þurfa því að vera með háum hljóðstyrk og öflugum magnara. Að auki þurfa heyrnartækin að vera sveigjanleg þannig að hægt sé að aðlaga þau eftir því sem barnið vex og heyrnin breytist.

Í takt við vöxt barna vaxa einnig eyrun. Það er ekki bara stærðin heldur þarf einnig að stilla tækið eftir því sem hlustin stækkar.

Allt stækkar og breytist

Bilið milli hlustarstykkis og hljóðhímnunnar breytist einnig. Eftir því sem þetta bil stækkar því sterkara hljóð þarf tækið að gefa. Á fyrstu fjórum árum barnsins er eyrað í örum vexti og á sama tíma vex þörfin fyrir mögnun hljóðsins.

Fyrir börn sem eru mikið þar sem hljóðstyrkur er mjög breytilegur eins og á leikvellingum eða á skólalóðinni skiptir rétt stilling á heyrnartækjum miklu máli. Það getur því verið mikilvægt að laga tækið að barninu eftir því sem það stækkar.

Að skilja er ekki bara spurning um hljóðstyrk

Það er einnig spurning um málskilning. Með hjálp heyrnartækja geta börn bæði skilið talmál og gert sig skiljanleg. Nútíma heyrnartæki geta samhliða minnkað hávaða og styrkt talað mál. Þannig skilur barnið betur það sem aðgreint er.

Heyrnarfræðingur eða lækur getur útskýrt fyrir þér hvað tækið getur og í sameiningu getið þið þá fundið út hvaða tæki hentar best. Litir og myndir þta undir að barnið samþykki að nota tæki. Leyfðu barninu að velja litinn á heyrnartækinu og hlustarstykkinu sínu.

Fylgihlutir fyrir börn

Sum börn þurfa fylgihluti við heyrnartækin sín, það geta verið:

- **Litlir bogar** sem passa betur á lítil eyru og tryggja að heyrnartækið situr betur.
- **Barnalæsing á rafhlöðuhúsi** sem kemur í veg fyrir að barnið geti tekið rafhlöðuna úr tækinu, leikið sér með hana og í versta falli gleypt hana. Öryggið er sett á með því að læsa rafhlöðuhúsinu með litlu skrufjárnri. Gleypt barn rafhlöðu skal koma því strax undir læknishendur.
- **Klemma** með bandi sem er eins og band fyrir gleraugu og kemur í veg fyrir að barnið þæni heyrnartækjunum að leik eða í íþróttum.
- **Skór** sem gera það mögulegt að tengja beint við heyrnartækin tæki eins og sjónvarp, hljómflutningstæki eða FM-tæki.



6. Styddu barnið þitt

Það skiptir miklu máli að barn sem þarf heyrnartæki upplifi það á jákvæðan hátt. Þú sem foreldri getur aðstoðað barnið við að sætta sig við og skilja að heyrnartæki geta hjálpað. Bestu fánlegu heyrnartæki gera ekkert gagn ef barnið vill ekki nota þau. Sem betur fer uppgötva börn fljótt hversu mikið heyrnartæki geta hjálpað þeim og það skemmir ekki ef þau eru flott.

Hvað er til ráða ef barnið neitar að nota heyrnartæki?

Einstaka sinum vilja börn ekki nota heyrnartæki og taka þau sjálf af sér. Ekki skamma barnið, reyndu frekar að komast að því af hverju það vill ekki nota tækin. Það þurfa allir tíma til þess að venjast því að vera með heyrnartæki, bæði börn og fullorðnir. Það tekur tíma að venjast öllum nýju hljóðunum og því að vera með hlustarstykkið í eyranu. Fylgstu með því hvort barnið vill alls ekki hafa tækin eða hvort það tekur þau af sér eftir að hafa verið með þau í nokkra tíma eða þegar það er mikill hávaði í kringum það og margt fólk. Ræðið vandamálið við starfsfólk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, það hefur reynslu og getur kannski hjálpað ykkur að finna



lausnir. Ef til vill situr hlustarstykkið ekki rétt eða kannski þarf tíma til að venjast öllum hljóðunum. Heyrnartæki eru öðruvísi en gleraugu sem maður sér strax betur með. Það þarf að læra að nota þau og það krefst mikils af barninu og getur tekið tíma. Leyfðu barninu því að ærslast um eins og önnur börn án þess að vera þvingað af heyrnartækjunum.

Búðu barnið undir fordóma

Ef barn neitar að nota heyrnartækin sín getur það líka verið vegna stríðni. Börn geta verið óvægin hvert við annað. Ræddu við barnið um heyrnartækin og viðbrögð fólks. Barnið getur fengið margskonar spurningar vegna heyrnartækjanna sem margar byggjast á miskilningi. Kenndu barninu að bregðast við þessum aðstæðum.



Við erum sterk saman



7 ■ Daglegt líf og heyrnartæki





Foreldrar þurfa að þekkja vel inn á heyrnartæki barna sinna. Barnið getur ekki alltaf sjálft ráðið fram úr því ef eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna þarf daglega að yfirfara tækin, vera viss um að rafhlöðurnar séu heilar, hlustarstykki, bogar og slanga séu í lagi. Gerið þetta að fastri venju, til dæmis á hverju kvöldi, og hafðu barnið með. Þannig verður þetta hluti af daglegu lífi.





Ef þú tekur upp heyrnartæki sem er kveikt á og heldur því í lokuðum lófanum þlíur það. Ef þú heldur fyrir loftganginn í hlustarstykkinu eða við bogann á það að hætta að þla. Þegar tækið er í eyranu á það ekki að þla. Þlíð kemur vegna þess að hljóðneminn nemur hljóðið sem tækið er að magna og magnar það aftur.

Það er einnig hægt að nota hlustunarpípu til að hlusta tækið. Slangan á hlustarpípunni er tengd tækinu, sem gefur þér möguleika á því að hlusta á tækið. Þú talar inn í hljóðnemann og hlustar eftir hvort það sem þú segir skilar sér rétt í gegnum tækið. Með aðstoð hlustunarpípunnar má einnig komast að því hvort skruðningar heyrast í tækinu. Ef þér tekst ekki að finna hvað er að tækinu geturðu snúið þér til Heyrnar- og

talmeinstöðvarinnar. Heyrnarfræðingurinn getur stundum hjálpað en stundum þarfnast tækið viðgerðar og þá þarf að skilja það eftir á tæknideildinni. Notfærið ykkur leiðbeiningarnar sem fylgdu tækinu. Þar eru oft góð ráð um viðhald þess og umhírðu.

Heyrnartækið á að vera hreint og þurr

Reglulega þarf að hreinsa merg úr hlustarstykki og slöngu tækisins og fylgjast með raka í tækinu. Hlustarstykkið þarf að hreinsa reglulega með volgu vatni. Slangan má ekki vera rök því þá dofna hljóðið. Hægt er að nota belg til að blása í gegnum slönguna. Þá myndast einnig auðveldlega raki í boganum, sérstaklega þegar barnið svitnar eða raki er í lofti. Til að ná rakanum úr tækinu er hægt að setja tækið, slönguna og hlustarstykkið í þurrkúós yfir nóttina.



Rafhlöðurnar þurfa að vera réttar í

Öll heyrnartæki nota rafhlöður. Rafhlöðurnar, sem eru zink-loftrafhlöður, hafa plús- og mínuspól. Áður en rafhlaðan er sett í er límímiðinn fjarlægður. Aðeins þannig kemst loft að rafhlöðunni og hún verður virk. Á hverju kvöldi skal athuga hvort rafhlöðurnar eru í lagi. Það er ekki gott að athuga þær á morgnana þar sem þær hafa náð að hlaðast aðeins yfir nóttina og geta því gefið falska mynd. Það getur síðan leitt til þess að rafhlöðurnar klárast yfir daginn og heyrnartæki barnsins er þá óvirkt.

Heyrnar- og talmeinstöðin selur pakka frá Siemens sem í eru margir af þessum hlutum. Leitið upplýsinga í síma 581 3855

Takið eftir:

Rafhlöður eru ekki leikföng, þær eru smáar og það er auðvelt að gleypa þær. Ef það gerist leitið strax lækni.

Passið upp á að barnið tþni ekki tækjunum

Hugsið vel um heyrnartækin, þau geta kostað á bilinu sextíu til hundraðþúsund krónur. Þegar barnið leikur sér getur það komið fyrir að heyrnartækin detti af og tþnist. Til að koma í veg fyrir það er hægt að fá fataklemmu. Fataklemman er með lykkjum sem fara utan um heyrnartækin og bandi sem er síðan fest í fót barnsins. Þú getur spurst fyrir um fataklemmurnar á Heyrnar- og talmeinstöðinni.



Fataklemma



Hlustunar-pípa



Loft-blásari



Tæki til að prófa rafhlöður



Skrúfjárn



Þurrkdós

8. Hvað er bilað?

Heyrnartæki eru hluti af daglega lífinu og eru alltaf í notkun. Þau geta orðið fyrir hnjaski og bilað. Hér eru nokkur góð ráð sem þú getur nýtt þér ef tækið starfar ekki eins og það á að gera.

Heyrnartækið þlir ekki þegar þú heldur því í lokuðum lófanum

Athugaðu eftirfarandi:

- Er kveikt á tækinu?
- Er tækið stillt á réttan styrk?
- Er rafhlaðan í lagi?
- Er hlustarstykkið á?
- Er tækið stillt á T?
- Er hlustarstykkið stíflað?


Heyrnartækið þlir í eyra

Athugaðu eftirfarandi:

Er styrkurinn á tækinu rangur eða of mikill?

- Er of mikill mergur í eyranu?
- Situr hlustarstykkið rétt?
- Er hlustarstykkið orðið of lítið?
- Hefur slangan runnið af tækinu?
- Er slangan rifin?
- Er eitthvað á hljóðnemanum, hár eða annað?
- Eru slanga og bogi í lagi?





Heyrnartækið er óvirkt

Athugaðu eftirfarandi:

- Er rafhlaðan í lagi?
- Er rafhlaðan rétt í tækinu?
- Er slökkt á tækinu?
- Starfar tækið með nþjum rafhlöðum?
- Er hlustarstykkið stíflað af merg?
- Er slangan í lagi og þurr?
- Er boginn þurr?

Barnið heyrir illa með heyrnartækinu og hljóðið aflagast

Athugaðu eftirfarandi:

- Er styrkleikahnappurinn rétt stilltur?
- Er hljóðneminn opinn?
- Er rafhlaðan í lagi?
- Er hlustarstykkið stíflað?
- Er mergur í hlust?
- Eru slanga og bogi þurr?

Það suðar eða blæs í heyrnartækinu

Athugaðu eftirfarandi:

- Eru óhreinindi á rafhlöðufjöðrinni? (opnið og lokið rafhlöðuhúsinu nokkrum sinnum með rafhlöðunni í)
- Situr rafhlaðan þétt í?
- Er on/off-takinn rétt stilltur?
- Er styrkleikahnappurinn rétt stilltur?
- Er hlustarstykkið stíflað?
- Eru slangan og boginn þurr?
- Þarf að skipta um slöngu?
- Er tækið á T-stillingu?

Heyrnartækið hefur blotnað

Gerðu eftirfarandi:

- Hristið vatnið af.
- Takið rafhlöðuna úr.
- Látið tækið þorna yfir nótt – á hlþjum stað (ekki á ofni).
- Notið hlustunarpípuna til að athuga hvort tækið virkar.

Nánari upplýsingar er að finna í notendaleiðbeiningum sem fylgja tækinu.

9. Ábendingar og ráð



Þegar foreldrar fá að vita að barnið þeirra er heyrnarskert er algengt að fyrstu viðbrögð þeirra séu að fyllast sorg. Afar og ömmur taka það einnig oft nærri sér. Það er því mikilvægt að fjölskyldan ræði heyrnarskerðingu barnsins. Sumir foreldrar upplifa það sem léttu að fá greiningu og margir upplifa fljótt hversu mikill styrkur það er fyrir barnið að fá heyrnartæki. Jákvæður stuðningur frá fjölskyldu og vinum er mikilvægur og hjálpar til við að vel takist til með notkun á heyrnartækjum.

Barnið í brennidepli

Í byrjun er ólíklegt að barnið skilji mikið af því sem sagt er en það skilur að þið spnið því umhyggju, ást og öryggi. Þar að auki lærir barnið þmislegt annað þegar

það hlustar og fylgist með hreyfingum ykkar, sérstaklega hreyfingum varanna, en einnig annarri líkamstjáningu. Verið ykkur meðvitandi um að fastar reglur og venjur þta undir öryggstilfinningu barnsins.

Fjölskyldan er ekki ein

Þið eruð ekki einu foreldrarnir sem eigið heyrnarskert barn. Það er auðvelt að upplifa sig einan með vandamálið en staðreyndin er önnur. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Hlíðaskóli eru stofnanir sem sinna þörfum heyrnarskertra barna og aðstandenda þeirra. Þá eru til nokkur félagasamtök á Íslandi eins og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna, Félag heyrnarlausra og Heyrnarhjálp sem vinna að málefnum heyrnarskertra og heyrnarlausra.





Nokkur góð ráð til þín og fjölskyldu þinnar

- Talið um hvaðeina sem þið gerið og hvað fram fer í umhverfi ykkar. Segið barninu hvað heyra má.
- Hjálpið barninu að hlusta. Vekið athygli á hljóðum svo að barnið læri að greina í sundur mismunandi hljóð og tengja þau áveðnum aðstæðum.
- Sþnið barninu hvað það er sem þið eruð að tala um.
- Talið í stuttum og einföldum setningum - ekki barnamál. Endurtakið setningar. Talið hátt og skþrt. Talið hægt.
- Horfið á barnið þegar þið talið. Þannig getur barnið séð látbragð ykkar og líkamstjáningu. Það auðveldar skilning.
- Snertið barnið þegar þið talið við það, það eykur öryggi.
- Örvið barnið til þess að tala. Gefið barninu góðan tíma og grípið ekki fram í fyrir því

Undirbúið ykkur fyrir framtíðina

Með aldrinum aukast samskipti barnsins við umheiminn. Það er gott að hafa samband við ráðgjafa og kennara áður en barnið byrjar í leikskóla eða skóla. Athugið hvort leikskólakennarar eða kennarar hafa reynslu af því að vinna með heyrnarskertum börnum. Talið við aðra foreldra sem hafa verið í sömu sporum. Það getur líka verið gott að tala við börnin í leikskólanum og skólanum og útskýra fyrir þeim hvað það þýðir að vera heyrnarskertur. Það getur hjálpað barninu að aðlagast og komið í veg fyrir stríðni.

Með ráðgjöf og rétttri umönnun á heyrnarskert barn sömu möguleika og heyrandi börn. Fyrir en varir verður heyrnarskerðing barnsins hluti af daglegu lífi ykkar.

Bæklingurinn er gefinn út í samvinnu Rexton og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Textinn er þýddur og staðfærður af starfsfólki Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar sem er ábyrgt fyrir útgáfunni. Útgefandi áskilur sér rétt til breytinga á textanum. Heimilt er að vitna til og afrita efni bæklingins sé heimilda getið.



Hér getur þú fengið
nánari upplýsingar

www.rexton.dk
www.hti.is



Á þessum heimasíðum má fá nánari
upplýsingar um heyrn og heyrnartæki.

Bæklingurinn er gefinn út í samvinnu
Rexton og Heyrnar- og talmeinstöðvar
Íslands. Textinn er þýddur og staðfærður
af starfsfólki Heyrnar- og
talmeinstöðvarinnar sem er ábyrgt fyrir
útgáfunni. Útgefandi áskilur sér rétt til
breytinga á textanum. Heimilt er að vitna
til og afrita efni bæklingsins sé heimilda
getið.



Udgivet af:

REXTON Høreapparater A/S
Frederikssundsvej 342
2700 Brønshøj
Tlf. 3826 2040

Design:

Publicis Werbeagentur GmbH
Erlangen

Tekstoplæg af:

Sylvia Schneider,
Eckernförde

Oversættelse af:

Susanne Wiese Kristensen, ED
Munkebo

**Konsulent for
dansk indhold:**

Birgitte Franck
Amtshørekonsulent
Ringkøbing amt

**Ansvarlig for
samlet indhold:**

REXTON Høreapparater A/S

Ret til ændringer forbeholdes.

Udleveret af:

www.rexton.dk